



Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	12.04.22
Málalykill	09.30
Mál nr.	2204250.

Sveitarfélagið Garðabær

Garðatorgi 7

210 Garðabær

Reykjavík 8. apríl 2022

Til JSG lögmanna ehf. hafa leitað rétthafar til ábúðar á eftirtöldum jörðum í svonefndu Garðahverfi í Garðabæ. Jarðirnar munu vera úr landi Garðakirkju:

Dysjar, rétthafar Gunnar Magnús Guðmannsson, Jón Þórarinn Jónsson, Inga Guðríður Guðmannsdóttir, Magnús Rafn Guðmannsson, Sigurjón Már Guðmannsson og Guðrún Dóra Guðmannsdóttir

Garðar, rétthafi Sigríður B. Guðmundsdóttir

Hlíð, rétthafi Sigurgísli Kristinsson

Miðengi, rétthafi Ágúst Kristjánsson


Nýibær, rétthafar Pétur Einarsson og Ragnheiður Jónsdóttir

Ofangreindir rétthafar njóta erfðaábúðarréttar á jörðum sínum. Búið er í húsum allra jarðanna og eru jarðirnar nytjaðar.

Staðan er nú sú að Garðabær mun hafa í hyggju að skipuleggja land jarðanna undir nýja íbúðabyggð.

Fyrir hönd ofangreindra rétthafa óska JSG-lögmenn eftir upplýsingum frá yður um fyrirætlanir bæjarins við að gæta hagsmuna ofangreindra rétthafa til þessara jarða við skipulag á landi jarðanna fyrir nýja íbúðabyggð.

Virðingarfyllst,


Jón Steinar Gunnlaugsson lögmaður